

Borgum v/ Norðurslóð
600 Akureyri
Sími 460-8900 Fax 460-8919
rha@unak.is
<http://www.rha.is>



Fjarnám við íslenska háskóla

Úttekt og stöðugreining

Janúar 2007

Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir

Erla Þrándardóttir

Rögnvaldur Ólafsson

Ögmundur Knútsson

Skýrsla unnin fyrir menntamálaráðuneytið

EFNISYFIRLIT

1.	INNGANGUR.....	1
1.1.	GÖGN OG AÐFERÐIR	1
2.	FJARNÁM VIÐ ÍSLENSKA HÁSKÓLA.....	3
2.1.	HÁSKÓLI ÍSLANDS	4
2.2.	HÁSKÓLINN Á AKUREYRI.....	8
2.3.	HÁSKÓLINN Á BIFRÖST	10
2.4.	HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK.....	13
2.5.	HÓLASKÓLI, HÁSKÓLINN Á HÓLUM.....	15
2.6.	KENNAHÁSKÓLI ÍSLANDS	18
2.7.	LANDBÚNAÐARHÁSKÓLI ÍSLANDS	21
2.8.	KVASIR/SÍMENNTUNARMÍÐSTÖÐVAR	23
3.	UMRÆÐA.....	26
4.	LOKAORÐ	30
5.	HEIMILDIR	32
	VIÐAUKI 1	34
	VIÐAUKI 2	35
	VIÐAUKI 3	36

1. INNGANGUR

Um allt land er kallað eftir auknu framboði náms á háskólastigi til að hækka menntunarstig, sporna við byggð aflótta og efla atvinnulíf. Háskólarnir í landinu hafa boðið upp á ýmsar greinar í fjarkennslu á undanförunum árum. Aðferðir, umfang og áherslur eru mismunandi og ýmsar kennsluáferðir eru notaðar. Framboðið hefur ekki verið samræmt né skilgreint þannig að nemendur geti t.d. tekið greinar frá mismunandi skólum og sett saman í námsbraut. Ekki er heldur til samstarfsvettvangur háskóla og símenntunarmiðstöðva þótt á undanförunum misserum hafi ítrekað verið bent á þörfina fyrir hann, sjá t.d. hugmyndir um netháskóla í skýrslu vinnuhóps menntamálaráðherra um háskólanámssetur á Egilsstöðum frá janúar 2003 (Menntamálaráðuneytið 2003).

Meginmarkmið fyrirbyggjandi skýrslu er að vinna að stöðugreiningu og úttekt á uppbyggingu, skipulagi og framboði fjarkennslu á háskólastigi í landinu. Til að ná markmiðinu hefur verið gerð úttekt á því hvaða nám háskólarnir eru að bjóða í fjarnámi og hvernig námið fer fram. Til að varpa frekara ljósi á fjarnám við íslenska háskóla hefur verið leitast við að svara spurningum sem lúta að fjölda fjarnema, samskiptaformi, tæknilausnum, samstarfi og framtíðarmarkmiðum háskólanna í þessum málaflokki. Stöðugreiningunni er ætlað að skapa grundvöll til að vinna tillögur um skipulag og uppbyggingu þjónustu háskóla vegna fjarnáms og samstarf þeirra þar að lútandi og hvernig megi tryggja framboð fjarnáms á háskólastigi. Stöðugreiningin snýr að skipulagi fjarnáms, auknu námsframboði, bættu aðgengi nemenda að fjarnámi og samvinnu háskóla á sviði fjarnáms sem ætti að stuðla að betri nýtingu fjármagns og mannauðs.

1.1. Gögn og aðferðir

Fjarnám er í boði við sjö af átta háskólum landsins. Þessir skólar eru: Háskóli Íslands (HÍ), Háskólinn á Akureyri (HA), Háskólinn á Bifröst (HB), Háskólinn í Reykjavík (HR), Hólaskóli (HH), Kennaraháskóli Íslands (KHÍ) og Landbúnaðarháskóli Íslands (LbhÍ). Listaháskóli Íslands býður ekki uppá fjarnám. Hægt er að ljúka einhverju formi af háskólagráðu (diploma, grunnámi, meistaranámi) við alla háskólana. Þessi skýrsla nær til skráðra fjarnema á háskólastigi í íslenskum háskólum og eru skráningar miðaðar við skráðar kennitölur í námsskrá á haustönn 2006 fyrir skólaárið 2006-2007. Yfirlit yfir háskólagráður sem hægt er að ljúka í fjarnámi má sjá í töflum 3 og 4 í Viðauka.

Hugtök og skilgreiningar

Erfitt getur verið að átta sig á umfangi og um hverskonar fjarnám er að ræða við hvern skóla þar sem ósamræmi ríkir um notkun á hugtökum um fjarnám sem leiðir til þess að oft er erfitt að átta sig á hvort um sömu námsleið er að ræða eða ólíkar námsleiðir. Því er nauðsyn að skilgreina og samræma hugtök þar sem fjalla á skipulega um fjarnám. Þessi skýrsla tekur til fjarnáms í víðri merkingu þ.e. bæði náms þar sem eingöngu er kennt í fjarnámi og fjarnám þar sem blandað er saman staðbundnu námi og fjarnámi. Hér á eftir fara skilgreiningar á nokkrum hugtökum eins og þau eru notuð í fyrirliðgjandi skýrslu.

Fjarnám: Ýmis hugtök eru notuð um kenngu af því tagi sem um ræðir í fyrirliðgjandi skýrslu. Algengt er að notuð séu hugtökin fjarnám (distance learning) og fjarkennsla (distance education) yfir kennguhætti sem styðjast við tölvu- og upplýsingatækni þar sem nemendur dreifast á tvo eða fleiri staði. Þessi hugtök eru nokkuð víðtæk og til eru önnur hugtök sem vísa til fjarnáms eða fjarkennslu en þau eru til að mynda: opið nám (open learning), sveigjanlegt nám (flexible learning), sí tengt nám (online learning, e-learning) og fjarnámslausrir eða blandað nám (blended learning). Skilgreiningar á fjarnámi eru mjög margar en þær eiga það sameiginlegt að átt er við nám þar sem nemendur og kennarar eru landfræðilega aðskildir, auk þess að vera jafnvel aðskildir í tíma. Þetta kallar á breyttar kennguhæðir og getur fjarnám verið sveigjanlegt og opið en þarf ekki að vera það. Fjarkennsla býður að öllu jöfnu upp á sveigjanleika í námi þar sem nemendur geta stundað nám sitt heima, á vinnustað eða námssetrum oft á sínum eigin hraða og á þeim tíma sem hentar þeim, sjá nánar í (Bates 2005 og Thórsteinsdóttir 2005).

Fjarnám krefst þess oftast að fjarnemi hafi aðgang að sérstökum tæknibúnaði (allt frá nettengdri tölvu upp í myndfundabúnað). Einnig getur nemandi þurft að mæta á tiltekinn stað á tilteknum tíma þar sem tæknibúnaður er til staðar til að sinna náminu. Skipulag fjarnáms er afar mismunandi. Fjarnám getur verið allt frá því að vera eingöngu kennt í gegnum vefnámsumsjónarkerfi¹ upp í nokkuð tíðar vinnulotur² þar sem nemendur hittast í viðkomandi skóla.

Gagnaöflun

Gagnaöflun fór fram á margvíslegan hátt. Rektorum háskólanna voru sendir spurningalistar og þeir beðnir að svara spurningum varðandi skipulag fjarnáms, stefnumótun, samvinnu og framtíðarsýn. Spurningalistann má sjá í viðauka 3. Einnig fór fram gagnaöflun á Internetinu þar sem heimasíða hvers háskóla var skoðuð og leitað eftir upplýsingum um fjarnám, hvað væri í boði og hvernig náminu væri háttað. Ennfremur var hringt í viðeigandi aðila til að fá frekari upplýsingar í hverjum skóla, ýmist var þar um að ræða umsjónaraðila fjarnáms, brautarstjóra, eða fulltrúa hjá námsskrá, nemendaskrá eða á kennslusviði. Leitað var eftir upplýsingum varðandi fjölda fjarnema og fyrirkomulag fjarnámsins.

2. FJARNÁM VIÐ ÍSLENSKA HÁSKÓLA

Fjarnám er í boði við eftirfarandi háskóla: Háskóla Íslands, Háskólann á Akureyri, Háskólann á Bifröst, Háskólann í Reykjavík, Hólaskóla- Háskólann á Hólum, Kennaraháskóla Íslands og Landbúnaðarháskóla Íslands. Allir skólarnir bjóða uppá rafræna skráningu og hægt er að ljúka einhverju formi af háskólagráðu, diploma, grunnnámi, meistaranámi eða sérhæfingu við alla háskólana. Í Viðauka 1 og 2 má sjá yfirlit yfir gráður sem hægt er að ljúka í fjarnámi við íslenska háskóla.

Skráðir nemendur í háskóla á Íslandi haustið 2006 voru tæplega sautján þúsund (16.726) og af þeim voru rúmlega tvö þúsund (2.256) skráðir í fjarnám að einhverju tagi. Hlutfall fjarnema á háskólastigi á Íslandi er svipað og hjá frændum okkar Svíum eða rúm 10% (Ársredovisning 2005, Thórsteinsdóttir 2005). Tafla 1 hér fyrir neðan sýnir hlutfall fjarnema á landsvísu eftir háskólum.

¹ Vefnámsumsjónarkerfi er hugbúnaður sem er notaður til að leggja inn á glærur kennara, upptökur úr tímum, verkefni og próf og til samskipta, bæði milli nemendanna og milli nemenda og kennara. Kerfið er notað í mismunandi tæknilegum útfærslum og í mismiklum mæli.

² Vinnulotur eða lotunám er nám sem fer fram í vefnámsumsjónarkerfi en með ákveðnu millibili hittast nemendur í svokölluðum lotum og vinna mikið á stuttum tíma.

	skráðar kennitölur í námskrá	fjarnem- ar skráðir	% af öllum nemendum í háskólum	% af öllum fjarnemum	% af öllum nemendum viðkomandi háskóla
HÍ	9400	207	56%	9%	2%
HA	1475	700	9%	31%	47%
HB	700	120	4%	5%	17%
HR	2788	437	17%	19%	16%
HH	150	50	1%	2%	33%
KhÍ	2067	730	12%	32%	35%
LbhÍ	146	12	1%	1%	8%
Heildarfjöldi á Íslandi	16726	2256	100%	100%	

Tafla 1: Hlutfall fjarnema á landsvísu eftir háskólum³

Námsskipulag og námsfyrirkomulag er misjafnt á milli háskólastofnana og hver skóli hefur þróað sína eigin leið í þessum málum. Háskólarnir leggja áherslu á að skapa lausnir sem henta nemendum og fela í sér sveigjanleika. Af þessu leiðir að skráðir fjarnemar geta verið staðarnemar að hluta og öfugt. Hér á eftir verður gerð grein fyrir skipulagi og umfangi fjarnáms í hverri háskólastofnun fyrir sig.

2.1. Háskóli Íslands

Háskóli Íslands (HÍ) hefur boðið uppá fjarnám frá árinu 1997 og haustið 1998 voru fyrstu tilraunir gerðar til tæknistuddrar fjarkennslu. Kennarar hófu að nota WebCT og Ugluna 2001. Haustið 2002 var boðið upp á fjarnám í diplómanámi í hjúkrunarfræði. Háskólinn festi kaup á Menntabrunni (gagnvirkur fjarkennslubúnaður) ásamt Kvasir (samtek sýmenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni) og Háskólanum á Akureyri árið 2003. Þá um haustið var boðið upp á fjarnám í enskuskor, sagnfræðiskor, íslenskuskor, diplómanám í hjúkrun og diplómanám í stjórnmálafræði. Frá hausti 2006 hefur einnig verið boðið upp á fjarnám í þjóðfræði og náms- og starfsráðgjöf.

Við HÍ eru skráðir yfir 9.400 nemendur, af þeim eru 207 skráðir í fjarnám innan sjö greina í 41 fagi. Enskuskor býður ár hvert upp á 30 eininga grunnám í fjarnámi og á þessu skólaári standa fjarnemum til boða alls tíu námskeið. Íslenskuskor býður öll kjarnanámskeið BA stigs í fjarnámi. Hvert námskeið er þó

³ Tölur frá HB eru áætlaðar og tölur frá HR telja eingöngu fjarnema ekki þá sem stunda háskólanám með vinnu.

einungis í boði annað hvert ár, samtals 15 námskeið. Stjórn málafræðiskor býður uppá diplóma- og MPA meistaranám í opinberri stjórnsýslu og hjúkrunarfræðideild býður uppá diplómanám á meistarastigi. Nú í haust er einnig fjarnemahópur í ljósmóðurfræði til 60 eininga í framhaldsnámi þar sem kennt er í einni lotu.

Námsfyrirkomulag

Fjarnám við HÍ er skipulagt af einstökum deildum, sem njóta almennrar ráðgjafar og þjónustu fagaðila hjá Kennslumiðstöð HÍ, bæði í tæknilegum- og kennslufræðilegum málum. Fjarkennslan er í samstarfi við fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar um allt land. Útfærsla á fjarkennslu er mismunandi eftir námskeiðum. Sumar greinar eru einungis fjarkenndar, en í öðrum greinum er einnig gert ráð fyrir staðbundnum lotum, þar sem nemendahópar hittast ásamt kennurum sínum.

Námið fer fram á vefnámssumsjónarkerfi skólans Moodle, í gegnum Ugluna sem er upplýsingakerfi Háskólans og gagnvirkan sjónvarpsbúnað (fjarmenntabúnað). Uglan veitir aðgang að margvíslegum upplýsingum s.s. stundaskrá, próftöflum, námsframvindu og námskeiðslýsingum.

Fjarnámi við Háskóla Íslands má skipta í tvennt. Annarsvegar fjarnámi sem nemendur í fræðslu- og símenntunarmiðstöðvum út um landið geta sótt í gegnum fjarfund og hinsvegar almennt fjarnám sem opið er öllum nemendum HÍ. HÍ þjónar fræðslumiðstöðvum út um allt land og þá eru fyrirlestrar sendir út á miðstöðvar á þeim tíma sem kennt er samkvæmt stundatöflu Háskólans, eða þeir teknir upp og sendir út seinna um daginn. Yfirleitt er ekki mætingarskylda, heldur er nemendum í sjálfsvald sett hvort þeir horfi á fyrirlesturinn í fræðslumiðstöðvunum eða nálgast upptökur á vefnámsumhverfinu. Þess ber að geta að fjöldi fjarnema er takmarkaður og háður samþykki viðkomandi símenntunarmiðstöðvar.

Framtíðarsýn og samstarf

Í stefnu Háskólans fyrir árið 2006-2011 kemur fram að Háskólinn skuli móta sér skýra stefnu um fjarkennslu fyrir árslok 2007 og að efla eigi fjarkennslu í völdum greinum. Í kjölfarið skipaði rektor starfshóp til að móta drög að fjarkennslustefnu Háskólans. Starfshópurinn fékk það verkefni að undirbúa drög að stefnu

Háskólans um notkun upplýsingatækni í námi og kennslu og um framboð og framkvæmd fjarnáms. Starfshópurinn leggur áherslu á að auka þurfi fjölbreytni í framboði fjarkennslu og tryggja að nemendur geti lokið námsgráðum í fjarnámi. Stoðþjónusta verði eflað og komið verði upp enn öflugra og fjölbreyttara námsumhverfi en býðst í dag, yfirstjórn skólans taki skýra ábyrgð á fjarkennslustefnunni og framkvæmd hennar svo eitthvað sé nefnt. Þetta er í fyrsta skipti sem mótuð er fjarkennslustefna fyrir Háskólann í heild. Til að tryggja stöðu fjarkennslunnar innan Háskólans til frambúðar leggur starfshópurinn til að stofnuð verði sérstök nefnd sem verði ein starfsnefnda háskólaráðs og sinni frekari útfærslu fjarkennslustefnu skólans, framkvæmd hennar og endurskoðun.

Það sem hingað til hefur helst staðið fjarkennslunni fyrir þrifum er að uppbygging fjarkennslunnar hefur verið tilviljanakennd og verið undir hverjum og einum fjarkennara komin. Fáar námsleiðir eru í boði í fjarnámi sem ljúka með prófgráðu. Ennfremur vantar fulltrúa í hverja og eina deild til að sinna fjarkennslumálum og til að vera tengiliður við Kennslumiðstöð. Jákvæðir þættir fjarnámsins hafa verið mikil reynsla af fjarkennslu í þeim skorum sem boðið hafa upp á fjarnám og meðal fjarkennara og starfsfólks Kennslumiðstöðvar. Skapast hefur kennslufræðileg og tæknileg þekking þar sem áhersla er á fjölbreyttar leiðir í fjarkennslu sem henta hverju og einu námskeiði og kennurum þeirra. Ennfremur hefur góður tæknibúnaður og gott rafrænt námsumhverfi (Uglan og Moodle) stuðlað að framgangi fjarnáms.

Forsvarsmenn HÍ telja það mikinn hag fyrir þjóðfélagið að háskólar landsins þróa áfram fjarkennslu. Háskólinn í heild, kennarar, nemendur í staðar- og fjarnámi hagnast á því. Sá hagur er aðallega fólgin í að með fjarkennslu:

- Er hægt að ná til fleiri nemenda og stuðla þannig að aukinni háskólamenntun á Íslandi, sem styrkir byggðir landsins og bætir samkeppnisstöðu Íslands.
- Er verið að aðlaga kennsluhætti Háskólans að breiðari hópi fólks en áður tíðkaðist, s.s. útvinningi fólks og foreldrum í barneignafrii, sem getur haft áhrif á að kennslan auðgisti og námssamfélagið í heild.
- Er aðferðum beitt sem gagnast ekki einungis fjarnemum heldur einnig staðarnemum og getur stuðlað að fjölbreytni í kennsluaðferðum.
- Hafa fámennar námsleiðir möguleika á að bæta við sig nemendum sem annars myndu ekki hafa sótt námið.

- Getur háskólinn bætt við sig nemendum án þess að það auki á húsnæðisþörf.
- Býðst kennurum ýmiskonar kennslutækni sem stuðlað getur að nemendamiðaðri kennslu í stað einstefnumiðlunar kennara. Kennsluhættir fjarkennslu geta því komið staðbundinni kennslu til góða.
- Fjarkennsla til skólans getur styrkt fámennar kennslugreinar í grunn- og framhaldsnámi.

Helstu erfiðleikar skólans við að efla og auka fjarkennslu eru fólgnir í stærð skólans með ólíkar deildir með ólíkri stjórnsýslu. Enginn tengiliður er í deildum við miðlæga stoðþjónustu. Kennsla er ekki metin til launa líkt og rannsóknir og bent er á að taka þurfi tillit til þeirrar viðbótarvinnu sem felst í fjarkennslu í vinnumatskerfi og útteilingu fjár samkvæmt deililíkani.

Forsvarsmenn HÍ sjá fyrir sér að með samþykktri fjarkennslustefnu verður vörðuð leið að öflugra og markvissara fjarnámi. Fleiri námskeið verða í boði í fjarnámi í þeim námsleiðum sem nú þegar bjóða upp á fjarnám og fleiri deildir og skorir munu bjóða upp á fjarnám. Aukin stoðþjónusta verður við kennara í deildum auk þeirrar miðlægu þjónustu sem er til staðar í dag á vegum Kennslumiðstöðvar. Fjarkennsla snýst ekki eingöngu um framboð frá Háskólanum heldur einnig um nýtingu hans á fjarkennslu frá öðrum háskólum. Hjúkrunarfræðideild skólans hefur góða reynslu af námskeiðum sem eru fjarkennd til skólans og hefur áhuga á að þróa það námsframboð frekar. Þróun í fjarkennslumálum verður sú að aukning verður á fjarnámi, líkt og hefur verið að gerast í skólum á framhaldsskólastigi og í auknum mæli á háskólastigi hér heima og erlendis. Breyttur námshópur sækir í háskólanám sem háskólarnir þurfa að aðlaga sig að og taka vel á móti.

Háskóli Íslands hefur í auknum mæli verið í samstarfi við erlenda og innlenda háskóla varðandi námsframboð. Hjúkrunarfræðideild skólans hefur góða reynslu af námskeiðum frá erlendum háskólum, meðal annars frá Bandaríkjunum, sem eru fjarkennd til skólans og hefur áhuga á að þróa það námsframboð frekar. Félagsvísindadeild var í samstarfi við háskóla í Bandaríkjunum á síðasta kennslumisseri.

Starfsmenn Kennslumiðstöðvar fóru sumarið 2006 í heimsókn í þrjá erlenda háskóla; Kaupmannahafnarháskóla (KU), Syddansk Universitet (SDU) og Lund Universitet (LU). Það var gagnert til að kynna sér hvernig staðið er að rafrænni kennslu í þeim háskólum og stefnumótunarvinnu. Í þeim skólum er að vísu lítið

um hreint fjarnám eins og staðan er í dag en þeim mun meiri áhersla á notkun fjölbreyttra miðla og upplýsingatækni í kennslu. Starfsmenn Kennslumiðstöðvar hafa ennfremur fylgst með samanburðarháskólum Háskóla Íslands og The Open University í Bretlandi. Einnig hafa þeir kynnt sér samstarfsnet e-lærings starfsfólks allra háskóla í Danmörku, DUEL, svo eitthvað sé nefnt.

2.2. Háskólinn á Akureyri

Fjarkennsla við Háskólann á Akureyri (HA) hófst haustið 1998 þegar boðið var upp á fjarnám við heilbrigðiseild. Um var að ræða nám í dagskóla á hjúkrunarfræðibraut, þar sem kennt var samtímis á Akureyri og Ísafirði. Ári síðar bættust svo nemendur á Egilsstöðum í þennan hóp.

Í HA eru fjórar deildir: félagsvísinda- og lagadeild; heilbrigðiseild; kennaradeild; og viðskipta- og raunvísindadeild. Nemendur háskólans eru alls 1.475 og af þeim eru 700 (35%) í fjarnámi og 12% í lotunámi, sem er rétt tæplega helmingur allra nemenda háskólans (47%). Fjarnám er því stór þáttur í námsframboði skólans og er í boði í þremur deildum; heilbrigðis-, kennara-, og viðskipta- og raunvísindadeild. Svonefnt lotunám er í boði í tveimur deildum; heilbrigðiseild og kennaradeild. Flestir fjarnemar eru í viðskipta- og raunvísindadeild (269/534) og flestir lotunemar í kennaradeild (135/176).

Námsfyrirkomulag

Þegar fjarkennslan hófst var námið nær eingöngu byggt á útsendingum fyrirlestra með gagnvirkum myndfundabúnaði. Enn í dag er myndfundabúnaður notaður í miklum mæli við HA en þróunin hefur orðið sú að fjarnám við HA byggir núorðið á notkun velflestra þeirra fjarkennslumiðla sem tæknin býður upp á. Má þar nefna almennan tölvupóst, vefsíður kennara og vefnámsumhverfið WebCT sem m.a. hefur að geyma innbyggt póstforrit, vefumræður og spjallrásir sem og möguleika til framsetningar námsefnis á margvíslegu formi. Haustið 2003 var svo tekið í notkun vefkennslukerfið WebDemo sem býður upp á möguleika til kennslu í rauntíma gegnum nettengda tölvu. Upplýsingakerfið Stefanía sem þróað hefur verið í HA veitir aðgang að öllum helstu upplýsingum sem tengjast daglegu lífi í skólanum s.s. stundaskrá, próftöflum, námsframvindu og námskeiðslýsingum. Upplýsingakerfið Stefanía er sambærilegt upplýsingakerfinu Uglunni sem notað er við HÍ og nefnt var hér að framan.

Skilyrði fyrir að hefja fjarkennslu eru misjöfn eftir deildum. Yfirleitt er skilyrði um samning við einhvers konar menntastofnun sem samstarfsaðila, hvort heldur um er að ræða annan háskóla, þekkingarsetur eða símenntunarmiðstöð. Stundum er gerð krafa um lágmarksfjölda fjarnema í námskeiði til að hægt sé að kenna það.

Framtíðarsýn og samstarf

Fram að þessu hefur stefna háskólans verið sú að hafa sem flestar námsleiðir í boði í fjarnámi. Einnig að mynda nemendahópa á fjarendum einkum í kringum símenntunarmiðstöðvarnar í landinu og að deildir háskólans útfæri sjálfar aðferðir við kennslu og notkun upplýsingatækni. Stefnumótun háskólans til ársins 2011 er á lokastigi og verður hafist handa við stefnumótun háskólans í fjarkennslu í kjölfar þess. Ljóst er að vilji er til að auka fjarkennslu og bjóða upp á hana í fleiri fræðigreinum. Í framhaldi af meginstefnumótuninni munu deildir háskólans móta sína stefnu hvað varðar námsgreinar og kennsluáðferðir. Það er háskólaráð og rektor sem ber ábyrgð á eftirfylgni við fjarkennslustefnumótunina.

Kostir fjarkennslunnar eru þeir að fjarkennslan stækkar markhóp háskólans og gerir honum kleift að halda uppi námsbrautum sem annars væru of fámennar. Hún styður við þróun kennsluhátta innan háskólans og hagnýtingu upplýsingatækni í skólastarfi. Sem dæmi má nefna almenna notkun WebCT og það að staðarnemar hafa í flestum tilvikum aðgang að upptökum af kennslu sem gerðar eru vegna fjarnema. Fjarnámið eykur m.a. aðgengi að háskólanámi án tillits til búsetu og stuðlar þannig að jafnrétti til náms. Þannig gefur fjarnám nemendum kost á að stunda nám án þess að flytja brott úr heimabyggð og styrkir þar með heimabyggðina. Gallar við fjarkennslu eru þeir að fjarnemar taka lítinn þátt í háskólasamfélaginu á Akureyri og gætir áhrifa þess því minna í bæjarfélaginu en ella væri ef allir nemendur háskólans væru á Akureyri. Fjarkennsla eykur enn fremur álag á kennara og sú hætta er fyrir hendi að fjarnám leiði til einhæfari kennsluhátta.

Stefnt er að því að auka fjarkennslu við HA þannig að allar fræðigreinar við Háskólann á Akureyri verði kenndar í formi staðarkennslu og fjarkennslu. Fjarnám á völdum sviðum við Háskólann á Akureyri verði einnig kennt á ensku til erlendra nemenda. Hagur HA við að þróa áfram fjarkennslu felst í því að fjarkennslan stækkar markhópinn og það þýðir að Háskólinn stækkar, starfsfólki fjölgar og hann eflist á allan hátt. Tæknilega séð hefur fjarkennslan aukið fjölbreytni í hagnýtingu upplýsingatækninnar innan Háskólans, kennurum, staðarnemum og

fjarnemum til góða. Gera má ráð fyrir að mörkin á milli staðarnáms og fjarnáms hverfi í framtíðinni þannig að aðgengi að námi eykst um leið og tæknileg umgjörð verður væntanlega vandaðri báðum hópum til góða. Erfiðleikar HA við að auka fjarkennslu felast í því að vart hefur orðið við mettun á markaðinum þannig að fjarnemar eru ekki eins margir á ákveðnum námsbrautum og háskólinn getur annað. Þess hefur gætt að viðhorf einstakra starfsmanna bæði gagnvart tækninni og gæðum fjarkennslunnar hefur í sumum tilvikum verið neikvætt og það tafið fyrir auknu framboði fjarnáms.

Háskólinn á Akureyri er í samstarfi við Háskóla Íslands og Háskólann á Hólum þar sem námskeið eru samkennd og nemendur sitja á tveimur stöðum en kennslan fer fram frá öðrum þeirra. Háskólinn á einnig náið samstarf við HÍ og KHÍ um tæknilega þróun fjarkennslunnar auk þess sem starfsmenn HA hafa tekið virkan þátt í samráði allra háskóla landsins um tölvumál og hagnýtingu upplýsingatækni í kennslu. Ennfremur hefur HA átt samstarf um fjarkennslu við bæjarfélög og símenntunar- og fræðslumiðstöðvar víðs vegar um landið. Fræðslu- og símenntunarmiðstöðvar bjóða nemendum á hverjum stað upp á námsver með vinnuaðstöðu, aðgengi að myndfundabúnaði og aðstöðu til próftöku. Hvað varðar erlent samstarf þá tekur Háskólinn á Akureyri þátt í samstarfsvettvangi sem kallast Háskóli Norðurslóða. Á meðal meðlima Háskóla Norðurslóða bjóða nú 17 háskólar upp á kennslu kjarnanámskeiða í norðurslóðafræði með hefðbundnum hætti og/eða í gegnum fjarkennslu. Háskólinn á Akureyri er á meðal þessara stofnana en hinir háskólarnir eru í Kanada (8), Noregi (3), Rússlandi (2), Finnlandi (2) og Alaska í Bandaríkjunum (1).

Forsvarsmenn HA hafa kynnt sér fyrirkomulag fjarkennslu við háskóla í Bandaríkjunum, Skandinavíu og Skotlandi. Reynslan frá Skotlandi hefur nýst þeim best enda aðstæður þar í dreifbýlinu nokkuð líkar því sem gerist hér á landi. Ennfremur hafa fulltrúar frá HA kynnt sér netháskóla og samstarfsnet háskóla á sviði fjarkennslu í Skandinavíu, Skotlandi, Frakklandi og Kanada.

2.3. Háskólinn á Bifröst

Heildarfjöldi nemenda við Háskólann á Bifröst (HB) er rúmlega 700 en fjöldi fjarnema á fyrsta og öðru ári er um eitt hundrað. Fjarkennsla hófst við skólann fyrir rúmu ári svo það vantar einn árgang inn í tölurnar. Miðað við að teknir séu inn 60 fjarnemar á ári þá má áætla að alls séu fjarnemar 120 talsins á þessu

skólaári. Nokkrir fjarnemar eru búsettir erlendis (10-15) og mæta ekki á staðbundna fundi heldur taka gráðuna alfarið í fjarnámi. Fjarnámið er skipulagt þannig að gert er ráð fyrir að nemendur geti stundað vinnu samhliða námi.

HB býður uppá fjarnám í viðskiptafræði. Fjarnámið skiptist í tveggja ára diplomagráðu og svo fjögurra ára B.S. gráðu. Hægt er að velja milli viðskiptafræði og svo viðskiptafræði með áherslu á verslun og þjónustu til B.S. gráðu. Einnig stendur val á milli þess að taka diploma í verslunarfræðum og fjármála og stjórnunarfræðum. Þeir nemendur sem ljúka diplomagráðu geta lokið B.S. gráðu seinna kjósi þeir svo. Þetta á einnig við um nemendur sem hafa diplomagráðu frá öðrum háskólum. Á hverri önn taka nemendur þrjú fög í svokölluðu lotukerfi þar sem tekið er eitt fag í einu og eitt fag sem kennt er einungis á vinnuhelgum. Einingar sem nemendur ljúka á hverri haust- og vorönn eru 10, á vorönn bætist svo við fjögurra eininga rannsóknarverkefni (mísserisverkefni). Með þessu fyrirkomulagi er hægt að ljúka náminu á fjórum árum (B.S. gráða) eða tveimur (diplomagráða). HB býður einnig uppá meistaranám í viðskiptafræði (M.Sc. gráða) sem er blanda af staðarnámi og fjarnámi.

Námsfyrirkomulag

Námsfyrirkomulagið er þannig að kennt er í lotum, þremur lotum á önn og er ein vinnuhelgi í hverri lotu, samtals eru þrjár vinnuhelgar á önn. Hverri lotu lýkur með prófi eða verkefni. Námsinnihald er það sama og í staðarnámi sem býður upp á þann möguleika að færa sig á milli námsleiða þegar líður á námið. Sömu reglur gilda í fjarnámi og staðarnámi varðandi verkefnavinnu og verkefnafyrirkomulag.

Vefnámsumhverfi HB heitir Námskjár sem er íslenskt kerfi og sérhannað fyrir Bifröst í samstarfi Bifrastar og Nepal, þar sem nemendur geta sótt hljóðupptökur og fyrirlestrarglærur. Einnig fara þar fram samskipti nemenda á milli og nemenda og kennara sem og verkefnaskil. Fjarnámsfyrirlestrar eru unnir sérstaklega af kennara en ekki teknir upp í rauntíma.

Kennslufyrirkomulagið í meistaranáminu er þannig að um er að ræða vinnulotur á sumrin og er hver lota fjórar til fimm vikur í einum rykk en einnig eru vinnuhelgar í fjarnáminu á haust og vorönn þar sem nemendur mæta í tvo til þrjá daga.

Framtíðarsýn og samstarf

Stefnumótunarvinna er í gangi í öllum deildum HB. Markmiðið er að auka námsframboð án mikils aukakostnaðar. Stefnan er að halda áfram með þá fjarkennslu sem þegar er til staðar og auka fjarkennslu í grunnnámi, símenntun og meistaranámi. Ætlunin er að stíla inn á fólk sem vill stunda nám með vinnu, óháð stund og stað. Það eru deildaforsetar og rektor sem bera ábyrgð á því að fylgja eftir stefnumótunarvinnunni. Hagur HB við að auka fjarkennslu er sá að það nást fleiri nemendur að skólanum án þess að tilkomi hærri rekstrarkostnaður. Ennfremur mun aukin sérhæfing skólans styrkja staðarnámið bæði hvað varðar námsframboð og tækni.

Helstu kostir fjarkennslu að mati forsvarsmanna HB eru fólgnir í minni rekstrarkostnaði, minni þörf fyrir aðstöðu auk fjölbreyttari nemendahóps bæði héraendi og erlendis. Ennfremur styrkir fjarkennslan, staðarnámið og betri nýting fæst af kennurum. Helstu gallar eru mikil vinna við að halda tengslum við nemendur og að kennarar þurfa ávallt að vera vakandi yfir vefnum. Helstu erfiðleikarnir HB við að auka fjarkennslu eru skortur á gistirými á vinnuhelgum auk þess sem skortur á kennsluhúsnæði takmarkar fjölda vinnuhelga á önn.

Framtíðarsýn HB er að efla fjarkennslu enn frekar, viðhalda háu þjónustustigi og persónulegum tengslum við nemendur og kennara. Ástæðan er góður árangur í fjarkennslu og mikil eftirspurn, ásamt því að fjarkennsla styrkir staðarnámið.

Þegar spurt er um samvinnu HB við aðra íslenska háskóla telja forsvarsmenn HB að hátt þjónustustig og persónuleg tengsl við nemendur takmarki grundvöll á samvinnu við aðra háskóla en telja að hugsanlega gæti samvinnan falist í tæknimálum og þjálfun kennara í fjarkennslu. Símenntunardeildin við HB, sem er í miklum skipulagsbreytingum, er í samvinnu við ýmis fyrirtæki og stofnanir. Erlent samstarf er ekki viðamikil en HB er í samstarfi við erlenda háskóla hvað varðar kennaraskipti, ásamt því að nemendur í fjarnámi hafa sama möguleika og staðnemar hvað varðar skiptinám.

Eins og áður sagði er stefnumótunarvinna í fjarkennslu í gangi við HB og hluti af þeirri vinnu er að kynna sér fyrirkomulag í erlendum háskólum, jafnvel með samvinnu í huga. Fyrirhuguð er ferð til USA í þessum tilgangi. HB hefur einungis lítilsháttar kynnt sér samstarfsnet háskóla á sviði fjarkennslu erlendis en það mun vera hluti af stefnumótunarvinnunni.

2.4. Háskólinn í Reykjavík

Fjarnám hefur verið í boði við Háskólann í Reykjavík (HR) frá upphafi eða frá árinu 1998. Fjöldi nemenda skráðir við HR haustið 2006 var 2.788 nemendur, þar af voru 437 skráðir í fjarnám, allir í tækni- og verkfræðideild, hlutfallslega flestir í rafiðnfræði (38%) og svo byggingariðnfræði (27%). Í dag er hægt að ljúka fjarnámi til gráðu í kerfisfræði (45 einingar) og iðnfræði (45 einingar á þrem fræðasviðum).

Í háskólanámi með vinnu (HNV), sem ekki er skilgreint sem eiginlegt fjarnám í fyrirliggjandi skýrslu en gæti verið flokkað sem sveigjanlegt nám (flexible learning), voru 354 nemendur skráðir og skiptast á milli tækni- og verkfræðideildar og viðskiptadeildar þar sem flestir eru í viðskiptadeild í B.S. námi í viðskiptafræði (187/354) en þó nokkrir eru í diplomanámi í viðskiptadeild (100/354). Flestir af tækni- og verkfræðideild eru í kerfisfræði (57/354). Samanlagt er því 791 nemandi skráður í fjarnám og HNV sem gerir 28% af skráðum nemendum en nemendur sem stunda fjarnám eingöngu eru 16%. Einnig blanda nemendur gjarnan saman námsleiðum og því segir skráningin ekki alla söguna. Fólk blandar saman HNV, fjarnámi og staðarnámi, þ.a. fjarnemi getur verið að taka eitt námskeið í staðarnámi og öfugt, einnig eru námskeiðin ekki alltaf kennd á sömu önn.

Námsfyrirkomulag

Námsfyrirkomulag í fjarnáminu er þannig háttað að nemendum býðst að mæta tvær helgar á önn (ekki er um mætingarskyldu að ræða) í tvo til þrjá daga í senn. Haust- og vorannir eru að jafnaði 12 vikur og að loknum próftíma á vori er boðið upp á verkleg námskeið. Upplýsingakerfið My School er notað við fjarkennslu í skólanum.

Samkvæmt upplýsingum frá HR þá er lítil áhersla lögð á að nota, eða auka notkun fjarfundabúnaðar, þar sem það staðbindur námið of mikið. Hljóðglærur eru hinsvegar mikið notaðar. Í tölvunarfræðinni eru fyrirlestrar teknir upp og settir á My School þar sem fjarnemar geta nálgast þá og er þá innifalið það sem kennari sýnir á skrifskjá. Í fjarnáminu er lítið um hópvinnu, nemendur fá önnur verkefni í staðin fyrir að mæta í skólann og sérverkefni eru lögð fyrir fjarnemana í umræðutímum. Námsfyrirkomulag er misjafnt eftir áföngum og fagi.

Framtíðarsýn og samstarf

Stefna HR er að efla fjarnám á Íslandi og bjóða fjarnám sem leiðir til háskólagráðu frekar en stök námskeið. Jafnframt er stefnt að þróun á fjarnámi sem hægt væri að bjóða erlendis og er þá sérstaklega horft til kerfisfræði og tölvunarfræði. Stefnumótun er sífellt í gangi og byggir á því að ræða reglubundið við fjarnemendur og fjarkennara um kosti og galla fjarnáms og þannig er reynt að fá fram hugmyndir um hvernig þróa eigi fjarnámið áfram. Ennfremur hefur verið fundað með deildarforsetum skólans sem og öðrum yfirmönnum, s.s. rektor, sem og tæknifólki og kennurum þar sem leitað hefur verið eftir hugmyndum. Stefnumótunarvinnan hefur að mestu verið bundin við Tækni- og verkfræðideild (tölvunarfræði og iðnfræði) en einnig hefur verið leitað eftir hugmyndum í öðrum deildum. Tveir starfsmenn sem hafa umsjón með fjarnámi skólans fylgja eftir stefnu hans í samvinnu við sviðstjóra, deildarforseta og rektor

Helstu kostir fjarnáms fyrir HR eru að geta boðið öflugt fjarnám fyrir nemendur sem geta ekki af ýmsum ástæðum, s.s. búsetu og skyldum við fjölskyldu og vinnu, sótt hefðbundið nám í skólanum. Oft eru þessir nemendur mjög öflugir námsmenn sem fengur er í fyrir skólann. Að bjóða fjarnám stækkar þann hóp sem skólinn getur boðið sína þjónustu. Ókostir við fjarnám er að það er tímafrekt að undirbúa námskeið og námsefni og því þarf fjöldi nemenda að vera nægjanlegur til að hægt sé að bjóða nám á þessu formi. Einnig er þó nokkurt utanumhald um námið, fjarkennara og fjarnemendur og er það í dag um 50% starf sem skiptist á tvo starfsmenn.

Hagurinn af því að þróa áfram fjarkennslu felst fyrst og fremst í að laða að öflugum námsmenn sem að öðrum kosti kæmu ekki í nám til skólans. Mjög lítið framboð er af háskólanámi fyrir iðnmenntaða einstaklinga og er því mjög mikilvægt fyrir HR að halda áfram að bjóða upp á fjarnám fyrir þennan hóp en iðnfræðin er sérstaklega ætluð þeim sem hafa lokið iðnnámi. Hagur skólans fellst ekki síður í að þróa fjölbreytta kennsluhætti og nú þegar hafa ýmsar aðferðir sem nýttar eru í fjarnáminu skilað sér í auknu mæli inn í kennslu í staðarnámi og þá sérstaklega notkun á kennslukerfi skólans. Þar má nefna atriði eins og umræðuþræði, rafræn verkefnaskil og rafræn próf sem hafa aukið fjölbreytni í kennsluháttum í staðarnámi. Einnig er hagur í því fyrir nemendur að geta valið um námskeið á ýmsu formi s.s. staðbundið, fjarnám og HMV (háskólanám með vinnu). Helstu erfiðleikarnir eru þeir hvað fáir búa á landinu og hve marga skortir undirbúning fyrir háskólanám. Ennfremur má nefna að nemendaígildi skólans eru ekki merkt

sérstaklega fjarnemum og á meðan færri komast að en vilja í staðbundið nám þá er lítil hvati til að bjóða upp á fleiri námsform. Ef nemendaígildi væru tengd fjarnámsframboði þá gæti það verið hvati fyrir skólana að þróa fjölbreyttara námsframboð.

Forsvarsmenn HR sjá fyrir sér aukna áherslu á fjarnám þar sem vart hefur verið við þörf fyrir fjölbreyttara fjarnám og þá sérstaklega utan höfuðborgarsvæðisins. Vart hefur verið við áhuga á undirbúningsnámi fyrir háskólanám í líkingu við það nám sem boðið er á frumgreinasviði HR og einnig framhaldsnámi á meistarastigi. Forsvarsmenn HR telja að til lengri tíma litið sé æskilegt að háskólar vinni saman að auknu framboði af fjarnámi þar sem nemendur gætu tekið 2-3 fjarnámskeið í hverjum skóla og þannig byggt upp sitt nám á hvaða stigi sem er. Samvinna á þessu formi stuðlar að góðu framboði á þverfaglegu námi.

HR hefur verið í samstarfi við erlenda háskóla og unnið að verkefnum tengdum fjarnámi sem styrkt eru af Evrópusambandinu. Samstarfið hefur verið margskonar á undanförunum árum t.d. úttekt á stöðu mála, þarfagreining, leitun að bestu aðferðum (best practices), námsefnisgerð, námskrárgerð, rannsóknir og greinaskrif, ráðstefnuhald og tengslanet svo eitthvað sé nefnt. Starfsmaður fjarnáms í HR hefur verið í samstarfi við starfsmann í The Open University (OU) og skólafólk frá Ástralíu. Í tengslum við það samstarf og starf í fjölmörgum erlendum verkefnum hefur starfsmaður fjarnáms HR kynnt sér á undanförunum árum þær hugmyndir sem hæst bera hverju sinni.

2.5. Hólaskóli, Háskólinn á Hólum

Fjarnám hefur verið í boði við Hólaskóla síðan árið 2000. Ferðamálaeild reið á vaðið með diplomagráðu sem hægt er að ljúka á tveimur árum þó flestir nemendur ljúki náminu á þremur árum. Frá og með haustmisseri 2005 hefur verið hægt að taka öll diplómanámskeið í fjarnámi nema annað sé sérstaklega tekið fram. Það eru þrjár deildir við HH: ferðamálaeild, fiskeldi og fiskalíffræðideild og hrossaræktar og reiðmennskudeild. Skólaárið 2006-2007 eru alls 150 nemendur skráðir við HH þar af 50 fjarnemar.

Nemandi þarf að taka að lágmarki 3 einingar til að geta talist fjarnemi en getur tekið allt að 15 einingar alls í fjarnámi á önn. Flestir nemendur eru tvö til fjögur

ár að ljúka 45 eininga diplomagráðu í fjarnámi. Nemandi getur valið um að hljóta diplómagráðu eftir 45 einingar eða að bæta við sig 30 einingum og ljúka B.S. gráðu í staðarnámi.

Námsfyrirkomulag

Fyrsta árs fjarnemar hittast tvisvar sinnum á haustönn og tvisvar sinnum á vorönn en það getur verið mismunandi eftir námskeiðum hversu oft nemendur hittast. Skipulagðar vettvangsferðir eru hluti af náminu og skyldumæting er á slíka fundi hjá fyrsta árs fjarnemum. Vettvangsferðir eru ekki alltaf að Hólum og fjarnemendur eru sendir vítt og breitt um landið á slíka fundi. Í námsbyrjun er fyrsta staðbundna lotan heil vika þar sem allir fjarnemar mæta til að fá upplýsingar um fyrirkomulag námsins. Næstu lotur þar á eftir eru um helgar (tveir til fjórir dagar). Á vorönninni hjá fyrsta árs nemendum eru ýmist staðbundnar lotur og vettvangsferðir og/eða helgarfundir, en þetta fer eftir námskeiðum.

Kennslan fer fyrst og fremst fram á Internetinu. Vefnámsumhverfi HH er Moodle þar sem nemendur nálgast verkefni, glærur og fyrirlestra og eiga samskipti. Ekki er notast við upptökur úr staðbundnum tímum heldur útbúa kennarar hljóðglærur fyrirfram sem nemendur nálgast á vefnámsumhverfi skólans. Ekki er notaður fjarfundamyndbúnaður við kennslu en stöku fundir eru haldnir í fjarmenntabúnaði.

Framtíðarsýn og samstarf

Stefna fjarkennslu við Hólaskóla – Háskólann á Hólum felst í að efla og styrkja kennslufræðilega þáttinn. Lögð er áhersla á kennslufræðilega umræðu í tengslum við fjarnámið og að styðja bæði við kennara og nemendur. Markmiðið er að verða sífellt betri. Forsvarsmenn HH benda á að væri fjarkennslan sem HH býður, ekki góð, þá væri námið ekki svo vinsælt og raun ber vitni. Hagur skólans felst í því að bjóða gott fjarnám og skapa þannig gott orðspor. Hvað varðar tæknilega þáttinn í fjarnáminu er leitast við að feta leiðir sem eru árangursríkar. Einn starfsmaður heldur sérstaklega utan um fjarnámið og er í nánnum samskiptum við nemendur og kennara auk þess að hafa forystu um tæknilegar útfærslur.

Fjarnámið er enn sem komið er fyrst og fremst í ferðamáladeild Hólaskóla – Háskólans á Hólum og stefnumótunarvinna hefur því fyrst og fremst átt sér stað í þeirri deild. Kennarar deildarinnar hafa reglulega fundað um leiðir í fjarkennslu. Markmiðið er að gera gott nám betra. Til hliðsjónar er litið til reynslu kennara, kennslumats, og samtala umsjónarmanns fjarnáms bæði við kennara og nemendur. Eftirfylgni við stefnumótunina er í höndum umsjónarmanns fjarnáms og deildarstjóra ferðamáladeildar.

Helstu kostir fjarnáms að mati forsvarsmanna HH er þeir að með fjarnámi er hægt að ná til fleira fólks (nemenda frá öllu landinu sem ekki ættu þess annars kost að stunda þetta nám) og um leið styrkja starfsgreinarnar sem um ræðir. Fjarkennslan hefur auk þess kynningarlegt gildi fyrir skólann þar sem fjarnemarnir eru einskonar sendiherrar skólans um landið. Stór hluti nemenda í ferðamáladeild eru í fjarnámi. Það er mikilvægt fyrir skólann að vera með marga og góða nemendur og í hópi fjarnemenda eru sterkir nemendur sem fengur er í fyrir skólann. Helstu gallar sem fylgja fjarnámi er aukinn kostnaður við þetta kennslufyrirkomulag.

Helstu erfiðleikar skólans við að auka og efla fjarkennslu eru af tvennum toga. Annarsvegar hefur tölvutenging Hóla við umheiminn ekki verið nægilega góð og hefur það takmarkað aðeins möguleika í tæknilegum útfærslum. Hinsvegar upplifa forsvarsmenn fjarkennslumála nokkra einangrun hvað varðar samstarfsvettvang þar sem fjarkennslumál eru rædd. Umsjónarmaður fjarnáms hefur verið í samstarfi við fólk í öðrum háskólum sem starfar að þróun fjarnáms. Samstarfsvettvangur hefur verið mótaður þar sem þetta fólk hittist reglulega og miðlar af reynslu sinni. Þetta er mikilvægt en mætti vera mun meira og markvissara.

Fyrirhugað er að auka fjarnám í fiskeldis- og fiskalífrræðideild. Líklega verður þetta fjarnám í svipuðu formi og í ferðamáladeild en staðbundnar lotur verða fleiri og eða lengri. Ennfremur er fyrirhugað að bjóða upp á alþjóðlegt nám í hestafræði. Bóklegi hluti námsins verður að hluta kenndur í fjarnámi.

Í sinni framtíðarsýn varðandi fjarkennslu hallast forsvarsmenn Hólaskóla, Háskólans á Hólum að meira samstarfi á þessum vettvangi en leggja engu að síður áherslu á að fjarkennsla verði aldrei stöðluð eða í of þröngum skorðum. Persónuleg nálgun hvers skóla og hvers kennara er mikilvæg. Forsvarsmenn HH

telja ennfremur mikilvægt að Háskóli Íslands auki fjarnám til mikilla muna, sérstaklega í þeim greinum sem aðrir skólar eru ekki að sérhæfa sig í. Þetta er mikilvægt byggðamál og stuðlar að jafnrétti til náms. Aukið fjarnám allra háskólanna mun einnig fjölga tækifærum til að samtengja nám og þróa sameiginlegar námslínur og gráður. Þá ber að huga meira að tengingum við erlenda háskóla gegnum fjarkennslu.

Fyrir hendi er samstarfsvettvangur íslenskra háskóla á sviði fjarkennslu en það gengur helst út á að miðla upplýsingum. Slíkt samstarf þyrfti að vera mun meira. Á tímabili var HH í nánú samstarfi við HÍ um notkun á fjarkennslukerfi. Líklegt er að slíkt samstarf verði tekið aftur upp. Umsjónarmaður fjarnáms á Hólum hefur og leitað mikið til Kennaraháskóla Íslands hvað þessi málefni varðar.

HH er í samstarfi er við University of Guelph í Kanada um fjarkennslu. Fyrirhugað er að bjóða upp á nám í hestafræðum fyrir útlendinga sem fer að hluta til fram í fjarnámi. Fjarnámshlutinn verður þróaður í samvinnu við fjarkennsludeild háskólans í Guelph. Meistaránemendur við ýmsa háskóla sem eru staðsettir á Hólum og njóta þar aðstöðu og leiðbeiningar taka gjarnan ákveðin námskeið í fjarnámi, aðallega erlendis, t.d. í Háskólanum í Guelph.

Starfsmenn HH, þ.e. rektor og deildarstjóri ásamt umsjónarmanni fjarnáms hafa kynnt sér fjarkennslu við háskólann Guelph í Kanada en skólinn er með öflugt fjarnám enda strjálbýli víða mikið í Kanada. Nemendur í fjarnámi eru allt að 20.000 við þann skóla og eru um allan heim. Starfsmenn HH hafa ekki sérstaklega kynnt sér netháskóla og samstarfsnet háskóla á sviði fjarkennslu en hafa fylgst með og rætt tengsl við slíka skóla bæði erlendis og hérlendis.

2.6. Kennaraháskóli Íslands

Fjarnám við Kennaraháskóla Íslands (KhÍ) hefur verið í boði síðan skólinn bauð uppá réttindanám í bréfaskóla með stuttum námskeiðum en upp úr því spratt reglubundið fjarnám til B.Ed.-gráðu sem hófst 1993. Inntaka var í fyrstu bundin við reynda kennara vítt og breitt af landinu og námsskipan nokkuð önnur en í staðarnámi þótt einingafjöldi væri hinn sami. Þróunin varð síðan sú að staðarnám og fjarnám urðu hliðstæðar námsbrautir með sama inntaki náms og sömu inntökukröfum. Umsækjendur gátu valið á milli þeirra eftir aðstæðum og áhuga bæði í B.Ed.-námi og öðru grunnnámi við KhÍ.

Eftir 1990 þóttu vaxandi möguleikar á framhaldsnámi, að mestu með fjarkennslusniði, draga úr þörfinni fyrir lengra grunnnám. Af öðru grunnnámi hafði lengi verið í boði kennsluréttindanám fyrir framhaldsskólakennara, upphaflega ætlað kennurum í verklegum greinum sem höfðu ekki stúdentspróf og þess vegna ekki aðgang að kennsluréttindanámi í HÍ. Þetta nám var að jafnaði boðið sem staðarnám í Reykjavík, kennt utan reglulegs vinnutíma en af og til einnig fyrir kennara í öðrum landshlutum og þá sem fjarnám að hluta. Nýjar námsbrautir bættust svo við þegar KhÍ var sameinaður þremur öðrum menntastofnunum uppeldisstétta: Fóstruskólanum, Íþróttakennaraskólanum og Þroskaþjálfaskólanum.

Heildarfjöldi nemenda við grunndeild KhÍ haustið 2006 var 1.578 og 489 í framhaldsdeild, samtals 2.067 nemendur. Fjarnemar við skólann eru skráðir 730 og eru langflestir skráðir í grunnskólakennarafræði eða tæp 60%, um 20% eru svo í leikskólakennarafræði og þroskaþjálfarafræði og innan við tvö prósent í kennsluréttindanámi. Nemendur í staðarnámi geta tekið einstök námskeið í fjarnámi og fjarnemar geta á sama hátt tekið hluta náms síns í staðarnámi. Námskrá er skipt í framhaldsdeild og grunndeild. Í framhaldsdeild (Dipl. Ed, M.Ed, og PhD) er ekki boðið formlega uppá fjarnám þótt námið sé sveigjanlegt.

Í grunndeild eru sex brautir sem bjóða uppá fyrsta stigs háskólagráðu (B.A., B.Ed., B.S.): grunnskólabraut, leikskólabraut, íþróttabraut, kennsluréttindabraut, tómstunda- og félagsmálafræði og þroskaþjálfabraut. Þær námsleiðir sem er boðið uppá í fjarnámi í grunndeild má sjá í Viðauka 1. Kennsluréttindanám fyrir faggreinakennara er í boði til skiptis annað hvort sem fjarnám eða staðarnám. Annað hvert ár er tekið inn í fjarnám og næsta ár er tekið inn í staðarnám. Haustið 2006 voru nýnemar einungis teknir inn í fjarnám.

Námsfyrirkomulag

Kennslufyrirkomulagið er mjög áþekkt í öllum námsleiðunum. Fjarnámið skiptist í staðarlotur og fjarnámslotur. Í staðarlotum hefst kennsla í þeim námskeiðum sem skráð eru á hvert misseri og eru fjarnámsloturnar síðan byggðar á því sem þar fer fram. Staðarlotur fara fram í húsnaði KhÍ og eru að jafnaði tvær á hvoru misseri, annars vegar í upphafi misseris í lok ágúst eða byrjun september og í janúar (u.þ.b. vika í senn) og hins vegar á miðju misseri (u.þ.b. þrjár til fimm dagar í senn). Tímasetningar eru þó misjafnar eftir námskeiðum. Til viðbótar má reikna

með staðbundnum aukalotum í námskeiðum þar sem verkleg kennsla er mikil og í tólmstunda- og félagsmálafræðinámi mæta nemendur í ýmsar lengri og styttri útivistarferðir sem fylgja hófleg útgjöld. Mætingarskylda er í staðarlotur fyrir bæði fjarnema og staðnema sem skráðir eru í fjarnámsnámskeið. Fjarnámið fer mikið fram gegnum vefnámsumhverfið WebCT, þar sem nemendur sækja verkefni, fyrirlestra og eiga samskipti sín á milli og við kennara.

Framtíðarsýn og samstarf

Það er stefna Kennaraháskóla Íslands að bjóða sem flestar námsleiðir bæði í staðarnámi og fjarnámi. Fjarnám er orðinn órjúfanlegur hluti af námi við skólann og í allri almennri stefnumótun er hugað jafnt að fjarnámi sem staðarnámi. Unnið er að endurskoðun alls náms við skólann í ljósi stefnu sem mörkuð var af háskólaráði haustið 2004 (skv. ákvæðum samnings við menntamálaráðuneytið um kennslu og rannsóknir) og er þá gengið út frá því að sérhverja námsleið sé hægt að fara hvort sem er í staðarnámi eða fjarnámi og að hægt sé að blanda leiðunum saman. Það eru deildarráð undir forystu deildarforseta sem bera ábyrgð á eftirfylgni við fjarkennslustefnu skólans.

Að mati forsvarsmanna KhÍ eru kostir fjarkennslu þeir að hægt er að þjóna fjölbreyttari hópi nemenda. Nemendur geta nýtt sér þjónustu skólans þótt það henti þeim ekki að sækja kennslustundir á fyrirfram ákveðnum stað og tíma. Kennsluþróun í tengslum við fjarnám KhÍ hefur haft mikil áhrif á alla kennslu, ekki bara í fjarnáminu. Ljóst er að áframhaldandi þróun kennsluhátta mun eiga sér stað og njóta þá bæði nemendur í fjarnámi og staðarnámi góðs af. Fjarkennsla er stór og sjálfsagður þáttur í starfi skólans og engir sérstakir erfiðleikar við vöxt þess þáttar umfram það sem almennt þarf að huga að við fjölgun nemenda í skólanum.

Það er stefna forsvarsmanna KhÍ að nemendum verði áfram boðið að velja fjarnám eða staðarnám eftir því sem þeim hentar best. Sveigjanleikinn verður aukinn þ.a. jafnvel innan sama námskeiðs geti nemendur tekið einstaka þætti sem fjarnemar en aðra þætti með reglubundinni mætingu. Ennfremur sjá stjórnendur KhÍ fyrir sér aukið námsframboð í fjarnámi hjá íslenskum háskólum og að almennt verði nemendum gert kleift að sækja námskeið í hvaða íslenska háskóla sem er ef þau henta sem hluti af þeirra námsleið. Fjölmargir nemendur í

öðrum íslenskum ríkisháskólum taka námskeið eða jafnvel heil kjörsvið í fjarnámi við KHÍ og fá það nám metið sem hluta af námi til gráðu við sinn heimaskóla.

Á nokkrum sviðum er KhÍ í samstarfi við erlenda skóla þar sem sameiginlega er staðið að fjarnámi á tilteknu sviði og nemendur skólanna geta tekið þau námskeið sem hluta af námi til prófgráðu í sínum heimaskóla. Forsvarsmenn KhÍ sjá fyrir sér að námskeið verði almennt opin öllum nemendum, óháð því í hvaða skóla þeir eru innritaðir og að búnaur verði til margar sameiginlegar námsleiðir þar sem fleiri en einn skóli bjóða námskeið.

Frá því fjarnám hófst við KhÍ hafa ýmsir kennarar skólans og forráðamenn kynnt sér fyrirkomulag fjarkennslu í öðrum löndum. KhÍ er jafnframt aðili að ýmsum samstarfsnetum á sviði fjarkennslu.

2.7. Landbúnaðarháskóli Íslands

Vorið 2006 var samþykkt í kennslunefnd Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) að bjóða upp á fjarnám á þremur af fjórum háskólabrautum. Nám á háskólastigi er í boði í tveimur deildum, auðlindadeild og umhverfisdeild. Í auðlindadeild eru eingöngu kennd búvísindi. Umhverfisdeild býður uppá náttúru- og umhverfisfræði, skógfræði og landgræðslu og umhverfisskipulag (landslagsarkitektúr).

Nemendur skráðir á háskólastigi eru alls 146, af þeim stunda 12 nám sitt í fjarnámi. Fjarnám hefur verið í þróun í háskólanáminu í skógfræði og landgræðslubraut frá því í byrjun árs 2006. Nemendur sem stunda nám í umhverfisskipulagi (sem er jafnframt fjölmennasta brautin með 45 nemendur alls) hafa ekki enn átt þess kost að stunda fjarnám.

Þeir nemendur sem sækja í fjarnám eru oftast starfandi fólk sem vill bæta við sig fagmenntun og semur við vinnuveitanda um svigrúm. Námshraðinn má vera 66% en þannig má ljúka B.S. gráðu á fjóru og hálfu ári. Reynslan sem hefur fengist í skógfræði og landgræðslubraut árið 2006 sýnir að fjarnámið hefur aukið nemendafjöldann við brautina þar sem það gefur fleira fólki tækifæri til menntunar. Þeir nemendur sem sækjast eftir fjarnámi eru yfirleitt eldri en nemendurnir í staðbundna náminu, þeir hafa gjarnan starfsreynslu úr faggeiranum og eru fjölskyldufólk sem vinnur með náminu.

Námsfyrirkomulag

Fjarnámið er þannig skipulagt að boðið er uppá fimm námslotur yfir skólaárið (hverri önn er skipt upp í tvær lotur og svo eina sumarlotu). Af þessu leiðir að próftímabil er tvisvar á ári í október og desember. Í hverri námslotu eru allt að þrjár skyldumætingar t.d. í formi vettvangsferða sem skipulagðar eru ákveðnar vikur. Kennarar hafa reynt að samhæfa kennslufyrirkomulag námskeiðanna þannig að nemandi þarf aðeins að dvelja fjórar tiltekna vikur á misseri í skólanum.

Fjarnámið fer þannig fram að nemendur geta hlaðið niður hljóðglærum (sem er upptaka úr kennslustund) af vefnámssumsjónarkerfi skólans sem heitir Skóli.is. Síðan mæta nemendur í áðurnefndar lotur. Nemendur sem nýta sér fjarnámslausnir eru tæplega tuttugu en þetta eru eingöngu fyrsta árs nemar þar sem fjarnám er nýtt af nálinni við LbhÍ. Í skógfræði eru átta nemendur sem nýta sér þetta námsform eða tæplega helmingur nemendanna. Nokkur reynsla er af fjarnámi á framhaldsskólastigi við LbhÍ en það hefur verið í boði við skólann síðan 1999 og útskrifuðust fyrstu fjarnemarnir 2001. Fjarnám á háskólastigi er á tilraunastigi á þessu skólaári eins og komið hefur fram, en reiknað er með að fjarnámið verði þróað enn frekar og boðið með formlegri hætti næsta skólaár.

Framtíðarsýn og samvinna

Almenn stefnumörkun í fjarkennslu fyrir LbhÍ liggur fyrir af hálfu yfirstjórnar og kennslunefndar skólans. Stefna LbhÍ í fjarkennslumálum lítur að því að auka vægi fjarnáms þar sem eftirspurnin er töluverð. Aukið vægi fjarnáms felur í sér aukna þjónustu við nemendur t.d. í formi sveigjanlegs náms. Sumt nám við LbhÍ er með viðamiklum verklegum þáttum sem ekki er mögulegt að stunda sem fjarnám og því nauðsynlegt að sækja á tilteknum kennslustað (vettvangsferðir, rannsóknastofuvinna, vissir þættir hönnunar ofl.). Forsvarsmenn skólans kynntu sér ekki með skipulegum hætti fyrirkomulag fjarkennslu við erlenda háskóla við stefnumótunarvinnuna. Það er kennslunefnd og aðstoðarrektr kennslumála sem bera ábyrgð á eftirfylgni við fjarkennslustefnumótunina.

Forsvarsmenn LbhÍ sjá sér hag í því að þróa áfram fjarkennslu og er sá hagur fólgin í bættri þjónustu við nemendur og samfélagið ásamt auknum möguleikum að sinna hlutverkum sem rannsókn- og kennslustofnun á sínu sviði fyrir landið allt. Með fjarkennslu er hægt að ná til nemenda frá öllu landinu sem ekki ættu

Þess annars kost að stunda þetta nám. Erfiðleikarnir samfara því að auka og efla fjarkennslu felast í því að fjarkennsla er á margan hátt dýrari kennsluaðferð en staðbundin kennsla. Fjarkennslan kallar á sértækar tæknilausnir og meiri tíma kennara ásamt nýju skipulagi t.d. staðarnámslotur fyrir kennslu verklegra þátta.

Framtíðarsýn forsvarsmanna LbhÍ hvað varðar fjarkennslu við skólann er sú að fjarnám verði þáttur sem rekinn verði meðfram reglubundnu háskólanámi, en alltaf verði æskilegast fyrir nemendur að koma í reglubundið staðarnám.

LbhÍ er ekki í samstarfi við innlendar eða erlendar háskólastofnanir en starfar með símenntunarföngunum í landinu. Forsvarsmenn LbhÍ telja að æskilegt væri að taka upp samstarf um aðferðir og skipulag fjarkennslu þannig að háskólarnir læri af hver öðrum og einhver samræmd tækni á þessum viðfangsefnum skapist í landinu. Þannig skapi háskólarnir sameiginlega þekkingu á sviði fjarnáms- og fjarkennslu.

2.8. Kvasir/Símenntunarmiðstöðvar

Kvasir, samtök símenntunarmiðstöðva á landsbyggðinni, er samstarfsnet sem starfar með háskólunum. Að Kvasi standa Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum, Símenntunarmiðstöð Vesturlands, Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Farskólinn, Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar, Þekkingarsetur Þingeyinga, Þekkingarnet Austurlands, Fræðslunet Suðurlands, Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja. Samstarfið er misjafnt að umfangi og innihaldi enda símenntunarmiðstöðvarnar misstórar og þjóna ólíkum markhópum. Þekkingarsetur Þingeyinga og Þekkingarnet Austurlands njóta styrks til að sinna fjarnemendum á háskólastigi. Háskólasetur Vestfjarða gegnir þessari þjónustu á Vestfjörðum og því er þetta ekki hlutverk Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða. Aðrar miðstöðvar fá ekki sérstakan styrk frá ríkinu til að þjónusta nemendur á háskólastigi.

Kvasir sem samtök hafa sent ályktanir til háskólanna um að efla framboð í fjarkennslu fyrir landsmenn en Kvasir sem samtök hafa ekki sérstaka stefnu í fjarkennslumálum. Símenntunarmiðstöðvarnar vinna sína stefnumótun sjálfstætt.

Að hálfu Kvasis eru helstu erfiðleikar við að auka og efla fjarkennslu fólgnir í því að ekki er sett fjármagn af hálfu ríkisins og háskólanna í að veita þjónustu við fjarnemendur á þeim stöðum sem þeir búa eða til að skapa aðstöðu fyrir þá. Ennfremur er skortur á kennurum með næga þekkingu og reynslu á kennslufræði fjarkennslu og þeirri tækni sem fjarkennslan krefst. Kröfur um hópastærð á fjarendum getur einnig valdið erfiðleikum svo og húsnæðisskortur þar sem fjarnemendur sitja tímana.

Forsvarsmenn Kvasis sjá fyrir sér að fjarkennsla eigi eftir að aukast vegna þess að nauðsynlegt er að bæta aðgengi landsmanna að menntun með því að færa menntunina heim í hérað í stað þess að ætlast til að allir nemendur flytji þangað sem háskólarnir eru staðsettir. Í því þekkingarsamfélagi sem við búum í er krafa um aukna menntun og nauðsynlegt að allir landsmenn hafi jafnan aðgang að henni. Menntunarstig er lægra á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu og því mikilvægt fyrir háskóla landsins að sýna fram á að þeir séu fyrir alla landsmenn. Það geta þeir gert með því að auka framboð háskólanáms í fjarkennslu. Þannig sjá forsvarsmenn Kvasis fyrir sér að við kennslu, muni í auknu mæli, mismunandi aðferðir verða fléttaðar saman. Má þar nefna kennslu í gegnum fjarfundabúnað, tölvutengd kennsla þar sem nemandinn stundar námið í gegnum vefnámssumsjónarkerfi (s.s.Ugluna, WebCt) og lotunám.

Framtíðarsýn Kvasis varðandi fjarkennslu má draga saman í eftirfarandi punkta:

- Að háskólarnir fjarkenni þau fög sem falla vel að fjarkennslu þannig að landsmenn allir hafi góðan aðgang að fjölbreyttu námi við háskóla landsins.
- Að landsmenn geti lokið flest öllum námsleiðum í fjarnámi
- Að sköpuð sé góð aðstaða í héraði fyrir nemendur, hvað varðar að sitja fjarkennslutíma, til að sinna verkefnavinnu og lestri.
- Að allir aðilar sem koma að þjónustu við nemendur fái greitt fyrir það og séu því í stakk búnir til að sinna þessari þjónustu

Að sögn forsvarsmanna Kvasir hafa samtökin haft frumkvæði í að stuðla að fjarkennslu á milli háskólanna og símenntunarmiðstöðva. Gott samstarf hefur verið á milli Háskólans á Akureyri og aðildarfélagi Kvasis um fjarnám undanfarin ár og eru nemendur sem stunda nám í fjarnámi stórt hlutfall af nemendafjölda HA. Einnig hefur verið samstarf á milli Kvasis og HÍ en þó í minna mæli. Kvasir upplifir oft á tíðum sem lítill vilji sé hjá háskólunum til að auka framboð fjarnáms.

Kvasir hefur ekki verið í samstarfi við erlenda háskóla á sviði fjarkennslu né kynnt sér fyrirkomulag netháskóla eða samstarfsnet háskóla á sviði fjarkennslu. Þess skal þó getið að þekkingarnet Austurlands hefur aðeins verið í samstarfi við erlenda háskóla.

3. UMRÆÐA

Í ofangreindri samantekt má sjá að háskólarnir hafa farið sínar eigin leiðir við þróun fjarnáms. Námsframboð svo og kennslu- og námsfyrirkomulag er mismunandi á milli skóla og deilda innan skólanna. Skólarnir eru komnir mislangt á veg með þróun fjarnáms enda nokkuð misjafnt hversu lengi fjarnám hefur verið hluti af námsframboði háskólanna. KhÍ hefur boðið upp á fjarnám lengst allra á meðan LbhÍ er að feta sín fyrstu spor hvað varðar þetta kennslufyrirkomulag.

Allir háskólarnir bjóða upp á sveigjanleika í námi þar sem ýmist er hægt að taka hreint fjarnám eða þar sem nemendur þurfa annaðhvort að mæta í viðkomandi háskóla í námslotur af og til eða mæta í símenntunarmiðstöð, háskólasetur eða áþekka stofnun til að sækja fyrirlestra, umræðutíma eða annað. Allir háskólarnir hafa það sameiginlegt að þeir notast við margvíslegar aðferðir með aðstoð tækninnar við framkvæmd fjarnámsins. Algeng birtingarmynd fjarnámsformsins er að nemendur taka námskeið í fjarnámi frá heimili sínu og mæta síðan í nokkrar námslotur á ári við viðkomandi háskólastofnun. Forsvarsmenn háskólanna telja að mikilvæg ástæða fyrir að auka vægi fjarnáms sé að gefa fólki sem þegar er á vinnumarkaðinum tækifæri til að ljúka háskólagráðu án þess að þurfa að fara í staðarnám og þannig geti nemendur sinnt námi meðfram vinnu og stundað það í sinni heimabyggð.

Samvinna til hagræðis fyrir nemendur eða samræming á námsframboði virðist takmörkuð á milli háskólastofnana þannig að til að kanna fjarnámsmöguleika þurfa nemendur að leita sér upplýsinga hjá hverjum skóla fyrir sig. Á heimasíðu þekkingarnets Austurlands <http://fna.tna.is/>, sem var stofnað í júní 2006, má sjá vísi að samstarfsneti háskóla og símenntunarmiðstöðva hvað varðar námsframboð á háskólastigi. Á heimasíðunni eru listuð þau námskeið sem boðið er upp á, við hvaða háskóla námskeiðin eru kennd og hægt að fá nánari upplýsingar um námskeiðin, námið og skólana. Allir sjö háskólarnir sem bjóða upp á fjarnám eru listaðir hjá þekkingarnetinu. Þessi þjónusta er til mikils hagræðis fyrir nemendur sem geta fljótt og auðveldlega (á einum stað) fengið yfirlit yfir það nám sem er í boði á háskólastigi.

Það er hlutverk háskólanna að veita nemendum sem besta menntun og þjónustu og það að háskólar bjóði upp á fjarnám er ein forsenda þess að nemendur geti sett saman eigin prófgráður með námskeiðum úr fleirum en einum háskóla en

skv. nýsamþykktum lögum um háskóla nr. 63 frá 2006 er slíkt heimilt. Forsvarsmenn HA og HH benda á að margir háskólar séu í landinu og sumir þeirra séu litlir þannig að mikilvægt er að þeir hafi samvinnu um þróun tækni við fjarkennslu eins og þeir hafa reyndar gert til þessa. Hingað til hefur samstarf háskólanna verið nokkuð takmarkað og virðist háð áhuga og eldmóði þeirra sem þróa og stýra fjarnáminu en ekki hluti af stefnumörkun skólanna t.d. eru í notkun 5 mismunandi vefnámsumsjónarkerfi í háskólunum 7 sjá töflu 2.

	HÍ	HA	HB	HR	HH	KhÍ	LbhÍ
Fjarkennsla hófst árið:	1997	1998	2005	1998	2000	1993	2006
Vefnámsumsjónarkerfi	Moodle Uglan	WebCT Webdemo	Námsskjár	My-school	Moodle	WebCT	skoli.is

Tafla 2. Sýnir upphafsár fjarkennslu við viðkomandi háskólastofnun svo og það vefnámsumsjónarkerfi sem notað er við stofnunina.

Þróun fjarnáms hefur verið hröð síðustu misseri og mikil eftirspurn hefur verið eftir sveigjanlegu háskólanámi að undanfögnu. Um þetta eru forsvarsmenn háskólanna meðvitaðir og víða er stefnumótun sem tekur til fjarnáms í vinnslu. Vísbendingar þess efnis að samstarf háskólanna geti orðið markvissara á næstu árum eru fólgnar í því að háskólarnir í landinu vinna nú að stefnumörkun fjarnáms og áhugi fyrir að auka fjarnám er fyrir hendi í öllum háskólunum. Ennfremur benda forsvarsmenn nokkurra háskóla á nauðsyn samvinnu fjarnámi til framdráttar. Áðurnefnd lög frá síðasta sumri sem heimila nemendum að setja saman prófgráður frá mismunandi skólum ættu einnig að ýta undir samstarf háskólanna á sviði fjarnáms.

Háskóli Íslands, Kennaraháskólinn, Háskólinn í Reykjavík, Háskólinn á Akureyri og Háskólinn á Hólum hafa verið í óformlegu samstarfi á undanfögnu árum sem snýr að kennslufræði fjarnáms og kennslutækni. Þátttakendur í þessu samstarfi er aðallega starfsfólk sem kemur að tæknimálum fjarkennslu og deilir á fundunum reynslu sinni af mismunandi kennslutækni og aðferðum. Þá er komin nokkuð mikil reynsla af samstarfi Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri, sem í raun er tvískipt. Annar þátturinn snýr að samstarfi Kennslumiðstöðvar HÍ, Háskólans á Akureyri og Kvasir en þessir þrír aðilar eiga Menntabréna sem er gagnvirkur fjarkennslubúnaður sem gefur 48 aðilum tækifæri á að tengjast í einu á mismunandi fjarfundum. Samstarfið felst í umsýslu vegna Menntabréarinnar, fjarkennsluáðstöðu og prófayfirsetu. Hinn þátturinn lýtur að samningum um

kennslu, mat á áföngum og innritun. Þar sem samningur er á milli deilda hafa skrifstofustjórar deilda séð um að nemendur fái alla þá þjónustu sem þeir þurfa, s.s. fjarkennsluaðstöðu, útprentanir, bækur og prófaðstöðu. Nemendur geta t.d. innritað sig í HÍ en samt tekið kínversku frá HA án þess að innrita sig þar. Sama á að gilda með kennslu í japönsku frá HÍ haustið 2007. Mannfræðiskor HÍ er einnig í slíku samstarfi við HA.

Eins og fram hefur komið starfa háskólarnir með símenntunarmiðstöðvunum í landinu en samstarfið er mjög misjafnt bæði að umfangi og innihaldi. Símenntunarmiðstöðvarnar gegna mikilvægu hlutverki fyrir sitt hérað. Þær veita ekki einungis nemendum sínum aðgang að háskólanámi heldur geta nemendur einnig fengið námsaðstöðu og aðstoð við námið. Þetta getur einnig gilt fyrir nemendur sem stunda nám við aðra skóla sem ekki eru í samstarfi við símenntunarmiðstöðina, t.d. nemendur við erlenda háskóla. Þannig eru símenntunarmiðstöðvarnar stuðningur fyrir alla þá sem stunda nám í héraði. Það er því ljóst að það er til samstarfsnet símenntunar í landinu og þetta samstarfsnet starfar með háskólunum. Spurningin er hvert skal stefna í framtíðinni? Er vilji til að halda áfram að þróa samstarfsnet háskóla og símenntunarmiðstöðva í þeim farvegi sem uppbyggingin er í nú og koma á fót formlegu samstarfi eða er vilji fyrir breytingum hvað þetta varðar, t.d. að efla samstarf háskólanna á milli á formlegum grunnvelli? Áhugavert er að skoða hvaða leiðir til samstarfs hafa verið farnar erlendis, sjá t.d. skýrslu um fjarnám erlendis (Guðrún Þórsteinsdóttir 2006) og í Finnlandi þar sem háskólarnir mynda netkerfi á mismunandi sviðum sem standa að ráðstefnum og útgáfumálum. Oft er einn háskóli sem sér um að viðhalda netkerfinu og er með hálf til eitt stöðugildi sem er styrkt til þess. Horfa mætti til þess að auka samstarf íslensku háskólanna og virkja tengslin við Kvasir samtök símenntunarmiðstöðva og koma upp formlegum vettvangi þar sem fjarkennslumálefni verði rædd á breiðum grundvelli. Eins og fram hefur komið í fyrirbyggjandi úttekt telja forsvarsmenn flestra háskólanna æskilegt að slíkur formlegur samstarfsvettvangur sé fyrir hendi. Ennfremur horfa forsvarsmenn háskólanna í auknu mæli til erlends samstarfs.

Þess skal geta að nokkuð framboð er á fjarnámi öðru en háskólanámi. Margir menntaskólar bjóða uppá fjarnám og skólar og einkafyrirtæki að bjóða uppá ýmiss konar sérnám sem ekki er á háskólastigi. Eitthvað er þó um að þetta sé í samvinnu við háskóla en í mismiklum mæli.

Ljóst er að breytingar standa fyrir dyrum í íslensku háskólasamfélagi. Nýr samningur HÍ við menntamálráðuneytið á eftir að styrkja starf HÍ á komandi árum. Fyrirhugað er að Kennaraháskólinn sameinist Háskóla Íslands 1. júlí 2008. Slík sameining mun efla stoðþjónustu við fjarkennslu þar sem mikil þekking er á skipulagningu fjarkennslu innan skólanna beggja. Ekki er ólíklegt að háskólar á Íslandi munu í auknum mæli bjóða upp á samkennslu, þar sem nemendur geta valið um námskeið frá fleirum en einum háskóla innan sömu námsleiðar.

4. LOKAORÐ

Fyrirliggjandi skýrsla sýnir að íslensku háskólarnir bjóða uppá fjarnám í mismiklum mæli og er umfang og form nokkuð ólíkt eftir skólum og jafnvel innan skólanna þar sem hver námsbraut eða deild hefur nokkuð sjálfstæði til að ákveða hvort boðið sé upp á fjarnám og þá í hvaða formi það er gert. Hver háskóli fer sínar eigin leiðir við þróun námsins, upplýsingakerfin sem eru notuð eru mismunandi og virðist tilviljun ráða því ef tveir skólar hafa samskonar upplýsingakerfi. Þannig virðist engin sameiginleg fjarnámsstefna vera meðal íslenskra háskóla og ekkert formlegt samstarfsnet. Ábyrgðin á framkvæmd og þróun fjarnámsins hvílir á ýmsum aðilum innan háskólanna. Það er því ljóst að þörf er á stefnumörkun fjarnáms á Íslandi bæði innan háskólanna sjálfra og heildarstefnumótun fyrir háskólastigið. Það kom fram í úttekt sem gerð var á fjarnámi í nokkrum löndum erlendis (Guðrún Þórsteinsdóttir 2006) að öll löndin höfðu það sameiginlegt að þau sáu mikilvægi þess að vinna saman fjarnámi til framdráttar og höfðu myndað samstarfsnet milli háskóla. Þetta hefur verið gert í takmörkuðum mæli hér á landi en vilji er fyrir formlegu samstarfsneti háskóla.

Tilgangur fjarnáms er að auðvelda aðgengi að námi og þannig auka jafnrétti einstaklinga til náms óháð búsetu, efnahag eða persónulegra aðstæðna s.s. fötlunar. Fjarnám hefur vaxið mjög sl. áratug og allt bendir til þess að þessi þróun haldi áfram. Mikil áhersla hefur á undanförunum árum verið lögð á að þróa tæknilega hlið fjarnámsins en nú er aukin áhersla á að rannsaka og þróa áfram kennslufræðilegan þátt fjarnáms og þannig ná fram meiri gæðum. Einnig hefur verið lögð áhersla á að gera fjarnám fjárhagslega hagkvæmt.

Í upphafi þessarar skýrslu var skírskotað til skýrslu vinnuhóps menntamálaráðherra um háskólanámssetur á Egilsstöðum frá janúar 2003 (Menntamálaráðuneytið 2003) þar sem fram kemur að það vanti samstarfsvettvang háskóla og símenntunarmiðstöðva og vísað í hugmyndir um netháskóla. Mikilvægt hlutverk netháskóla/samstarfsnets er að þróa áfram fjarnám og fjarkennslu. Hlutverk slíkrar stofnunar/samstarfsnets gæti verið að gera rannsóknir og úttektir á fjarnámi í víðum skilningi, til að mynda að þróa áfram kennsluáferðir í fjarkennslu, þróa tækni og vefkerfi fjarkennslu til framdráttar, setja á fót námskeið fyrir kennara í fjarkennslu t.d. í samvinnu við kennaradeildir háskólanna. Ennfremur myndi stofnunin/samstarfsnetið í umboði háskólanna geta sinnt því hlutverki að samræma og móta heildarstefnu í fjarkennslumálum og beita sér fyrir því að gott upplýsingaflæði væri á milli

nemenda, kennara, bókasafns- og upplýsingamiðstöðva, símenntunarmiðstöðva, atvinnulífs og fleiri hagsmunaaðila.

Netháskóli/samstarfsnet myndi auðvelda háskólum á Íslandi að koma til móts við þarfir atvinnulífsins og einstaklinga um háskólamenntun og símenntun hverskonar. Þær fjórar þjóðir sem skoðaðar voru í úttekt fyrir menntamálaráðuneytið sl. sumar (Guðrún Þórsteinsdóttir 2006) sáu allar hagræði í því að vinna saman og höfðu fundið samstarfi sínu farveg sem þó er í stöðugri þróun og í takt við breytingar í samfélaginu. Íslendingar hafa enga sérstöðu hvað þetta varðar og íslenskar háskólastofnanir og skjólstæðingar þeirra myndu án efa hagnast á samstarfi um skipulag, þróun og framboð á fjarnámi. Ennfremur þarf að huga að alþjóðasamstarfi þar sem mörg nágrannalönd okkar vinna nú að þróun sameiginlegra netháskóla eða samstarfsneta. Ef íslenskt menntakerfi á að geta verið samanburðarhæft því sem gerist erlendis þurfa Íslendingar að taka þátt í erlendu samstarfi og það er ekki síst mikilvægt í ljósi þess hve fámenn þjóðin er.

5. HEIMILDIR

Bates, A.W.Tony (2005): *Technology, E-learning and Distance Education*. Second edition. London, Routledge.

Guðrún Rósa Þórsteinsdóttir (2006): *Fjarnám erlendis. Skipulag fjarnáms á háskólastigi í Frakklandi, Kanada, Skotlandi og Svíþjóð*. RHA, september 2006. óbirt skýrsla.

Menntamálaráðuneytið (2003). Skýrsla vinnuhóps menntamálaráðherra um háskólanámssetur á Egilsstöðum.

<http://www.heradsskogar.is/Apps/WebObjects/Skogur.woa/swdocument/1000086/sk%3Frsla+h%87sk%97lan%87mssetur.pdf>

Thórsteinsdóttir, Guðrún (2005): *The Information Seeking Behaviour of Distance Students. A Study of Twenty Swedish LIS Students*, Valfrid, Borås, Ph.D. thesis.

Årsredovisning 2005. Myndigheten för Sveriges nätuniversitet.
http://www.nshu.se/download/3899/arsredovisning_2005.pdf

Tekið af netinu þann 20 september 2006:

Háskóli Íslands, <http://www.hi.is>

Háskólinn á Akureyri, <http://www.ha.is>

Háskólinn á Bifröst, <http://www.bifrost.is>

Háskólinn í Reykjavík, <http://www.hr.is>

Hólaskóli, Háskólinn á Hólum, <http://www.holar.is>

Kennaraháskóli Íslands, <http://www.khi.is>

Landbúnaðarháskóli Íslands, <http://www.lbhi.is>

Listaháskóli Íslands, <http://www.lhi.is>

Viðmælandaskrá:

Álfheiður Marinósdóttir, kennslustjóri, Landbúnaðarháskóli Íslands, nóvember 2006

Ása Björk Stefánsdóttir, verkefnastjóri, Kennslumiðstöð Háskóla Íslands, október 2006

Ásrún Matthíasdóttir, umsjónaraðili fjarnáms, Háskólinn í Reykjavík, nóvember 2006

Bjarni Diðrik Sigurðsson, brautarstjóri umhverfiseildar, Landbúnaðarháskóli Íslands, september 2006

Erlendur Steinar Friðriksson, umsjónaraðili fjarnáms, Háskólinn á Akureyri, október 2006

Harpa Pálmadóttir, fræðslustjóri, Kennslumiðstöð Háskóla Íslands, október 2006

Ingibjörg Guðmundsdóttir, umsjónaraðili fjarnáms, Háskólinn á Bifröst, október/nóvember 2006

Sigríður Magnúsdóttir, rekstrarstjóri, Háskólinn á Hólum, nóvember 2006

Súsanna Jóhannsdóttir, fulltrúi í námsskrá, Kennaraháskóli Íslands, nóvember 2006

Spurningalista (sjá Viðauka 3) svöruðu allir sjö háskólarnir sem úttektin í fyrirliggjandi skýrslu byggir á svo og Kvasir.

VIÐAUKI 1

Tafla 3: Yfirlit yfir háskólagráður í fjarnámi. Grunnám. (Upplýsingar frá skólunum í nóvember 2006).

	Diploma	B.S.	B.A.	B.Ed.
HÍ			Íslenskuskor (30e) Enskuskor (30e) Sagnfræði (30e) Þjóðfræði (90e)	
HA		Hjúkrunarfræði (120e) Viðskiptafræði (90e) Auðlindafræði (90e)		Leikskólabraut (90e) Grunnskólabraut (90e)
HB	Viðskiptafræði (48e)	Viðskiptafræði (90e)		
HR	Viðskiptafræði (45e) HMV	Iðnfræði (60e) Tölvunarfræði (60e) Viðskiptafræði (90e) HMV		
HH	Ferðamálafræði (45e)			
Kh í	Leikskólafræði		Þroskaþjálfanám Tómstunda- og félagsmálafræði	Grunnskólakennari Leikskólakennari
Lb hí		Náttúru- og umhverfisfræði (90e) Skógfræði og landgræðsla (90e)		

VIÐAUKI 2

Tafla 4: Yfirlit yfir háskólagráður í fjarnámi. Framhaldsstig. (Upplýsingar frá skólunum í nóvember 2006).

	Diploma	MPA/MBA	M.Sc	M.Ed.	Dipl. Ed.
HÍ	Hjúkrunarfræði (20-30e) Stjórn málafræði skor (15e)	MPA Stjórn málafræði (60e)	Ljós móðurfræði (60e)		
HA			Hjúkrunarfræði (60e)	Kennaradeild (60e)	Kennaradeild (15-30 e)
HB			Viðskiptafræði		
HR		MBA Viðskiptafræði HNV (48e)			
HH					
KhÍ					
LbhÍ					

VIÐAUKI 3

Akureyri, 17. janúar 2007

Ágæti rektor, staðgengill rektors eða stefnumótandi fulltrúi fjarnáms

Erindi: Könnun á stefnu háskólanna á Íslandi í fjarkennslu

Við undirrituð erum að vinna að stöðugreiningu er varðar skipulag, framboð og stefnumótun fjarnáms á háskólastigi á Íslandi. Skýrslan er unnin fyrir menntamálaráðuneytið. Það er mjög mikilvægt að upplýsingar frá þinni háskólastofnun liggja fyrir við úrvinnslu þar sem skýrslan mun ásamt fleiri gögnum liggja til grundvallar við stefnumótun fjarkennslu af hálfu menntamálaráðuneytisins.

Vinsamlegast svarið eftirfarandi spurningum í þetta skjal og sendið til baka á netfangið gudrunth@unak.is fyrir **24. janúar n.k.** breytið gjarnan nafni skjalsins þegar það er sent til baka.

Af óviðráðanlegum orsökum tafðist að senda út spurningar til fulltrúa háskólanna og því er tíminn afar knappur og biðjumst við velvirðingar á því.

Ef spurningar vakna, vinsamlegast sendið fyrirspurnir á gudrunth@unak.is

Með von um skjót svör,

Dr. Guðrún R. Þórsteinsdóttir
Sérfræðingur,
RHA, Rannsókn- og þróunarmiðstöð
Háskólans á Akureyri

Dr. Ögmundur Knútsson
Lektor, viðskipta- og raunvísindadeild
Háskólans á Akureyri

Dr. Rögnvaldur Ólafsson
Forstöðumaður Stofnunar fræðasetra
Háskóla Íslands

SPURNINGALISTI

1. Hver er stefna binnar háskólastofnunnar í fiarkennslumálum?

Svar:

2. Hefur verið unnið að stefnumótun í fjarkennslu. Ef svo er getur þú þá lýst þeirri vinnu eins skýrt og hægt er, þ.e.a.s. í hverju hún er fólgin, hvaða deildir eða stofnanir koma að henni og hvert hún á að leiða?

Svar:

3. Hver ber ábyrgð á eftirfylgni við fiarkennslustefnumótunina?

Svar:

4. Hverjir eru, að þínu mati, helstu gallar og helstu kostir fjarkennslu fyrir þína stofnun?

Svar:

5. Sérð þú einhvern hag fyrir þinn háskóla að þróa áfram fjarkennslu og ef svo er í hverju er þá sá hagur fólgin?

Svar:

6. Hverjir eru helstu erfiðleikar skólans við að auka/efla fjarkennslu?

Svar:

7. Sérð þú fyrir þér að aukin áhersla verði lögð á fjarkennslu í þinni stofnun á allra næstu misserum?

Ef nei, hvers vegna ekki

Svar:

8. Hver er framtíðarsýn forsvarsmanna þinnar háskólastofnunar hvað varðar fjarkennslu við þína háskólastofnun annars vegar og fjarkennslumál íslenskra háskóla hins vegar?

Svar:

9. Er þinn háskóli í samstarfi við innlenda og/eða erlenda háskóla á sviði fjarkennslu? Ef svo er vinsamlega greinið frá í hverju það samstarf felst og umfanai þess.

Svar:

10. Hvernig sérð þú framtíðina fyrir þér t.d. hvað varðar samvinnu háskólastofnana á sviði fjarkennslu?

Svar:

11. Hafa forráðamenn þessar háskólastofnunnar kynnt sér fyrirkomulag fjarkennslu við erlenda háskóla við stefnumótunarvinnu? Ef svo er vinsamlega greinið frá því í stuttu máli.

Svar:

12. Hefur skólinn t.d. kynnt sér netháskóla og samstarfsnet háskóla á sviði fjarkennslu? Ef svo er vinsamlega greinið frá því í stuttu máli.

Svar: